

Ed.

149. Nefndarálit

[59. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Fjós í Laxárdalshreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og sent það til umsagnar landbúnaðar-ráðuneytinu og Landnámi ríkisins, og mæla þau með samþykkt þess, eins og meðfylgjandi fylgiskjöl sýna. Nefndin mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 7. des. 1971.

Ásgeir Bjarnason,
form., frsm.
Björn Jónsson.

Helgi Seljan,
fundaskr.
Páll Þorsteinsson.
Jón Árm. Héðinsson.

Steinþór Gestsson.

Jón Árnason.

Fylgiskjal I.

LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 18. nóvember 1971.

Landbúnaðarráðuneytinu hefur borizt til umsagnar frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja ríkisjörðina Fjós í Laxárdalshreppi. Vegna þess skal eftirfarandi tekið fram: Ríkisjörðin Fjós (Fjósar) í Laxárdalshreppi er staðsett fyrir botni Hvammsfjarðar. Kaupþúnið Búðardalur hefur allt byggt upp á landi jarðarinnar, en jafnframt hefur verið rekinn búskapur á jörðinni. Verulegar byggingafrankvæmdir hafa verið í Búðardal undanfarin ár, og hafa þar bæði verið reist íbúðarhús og fjölmörg önnur mannvirki, og íbúatala staðarins fer vaxandi.

Undanfarinn einn og hálfan áratug hefur mjög færzt í vöxt, að hreppsnefndir eða bæjarstjórnir sækist eftir að eignast ríkisland innan viðkomandi sveitarfélags, þar sem þéttbýli byggist upp. Háttvirt Alþingi hefur jafnan heimilað sölu á ríkislandi, þegar heimildar hefur verið leitað til að selja sveitarfélögum. Með tilliti til þeirrar venju, sem þannig hefur skapazt, tilmæla hreppsnefndar Laxárdalshrepps og þess, að engir sérstakir hagsmunir fyrir ríkissjóð eru sjáanlegir til að halda áfram eignarhaldi á jörð þessari, þá fellst landbúnaðarráðuneytið á, að sala jarðarinnar verði heimiluð með lögum.

F. h. r.

Sveinbj. Dagfinnsson.

Til landbúnaðarnefndar efri deildar Alþingis.

Fylgiskjal II.

LANDNÁM RÍKISINS

Reykjavík, 19. nóv. 1971.

Landbúnaðarnefnd efri deildar Alþingis hefur með bréfi, dags. 15. þ. m., óskað umsagnar Landnáms ríkisins um frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Fjós í Laxárdalshreppi í Dalasýslu.

Í frumvarpinu kemur fram, að Laxárdalshreppur ráðgerir að kaupa jörðina, enda kaupþúnið Búðardalur byggt úr landi hennar.

Á Fjósum býr Jón Sigurjónsson allgóðu fjárbúi. Tún jarðarinnar eru talin 17.6 ha. Eftirstöðvar lána í Búnaðarbankanum eru kr. 335 665.05. Jörðin er allvel hýst og búskaparmöguleikar hafa verið góðir.

Í fasteignamati 1957 var land Fjósa metið á kr. 11 100.00.

Í hinu nýja fasteignamati, er væntanlega tekur gildi 1. jan. 1972, er mat jarðarinnar sem hér greinir:

Tún	kr.	138 000.00
Annað land	—	40 000.00
Íbúðarhús	—	253 000.00
Útihús	—	520 000.00
Hlunnindi	—	700 000.00

Samtals kr. 1 651 000.00

Þetta fasteignamat gefur nokkrar upplýsingar um jörðina sem bújörð.
Landnám ríkisins mælir með samþykkt frumvarpsins, þar sem við teljum, að
hagsmunir þéttbýliskjarnans í Búðardal verði að sitja í fyrirrúmi, enda þótt af því
leiði, að búskapur leggist niður á Fjósum.

Virðingarfyllt,
Landnám ríkisins
Árni Jónsson.

Til landbúnaðarnefndar efri deildar Alþingis,
Reykjavík.